

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 100.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 75.00 til enduropnunar til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur. Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 40% af hækkuninni. Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni.

Gjaldskrá þessi staðfestist samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Grindavíkur nr. 70 31. marz 1966.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. marz 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtalda úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

53. Nefnd Verkalýðsfélags Grindavíkur. Staðfest 8. marz 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 8. marz 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.